

LESTRARSTEFNA LINDASKÓLA

Lestur er undirstaða náms og eitt öflugasta tækið sem hægt er að nota til að afla sér þekkingar. Lestur og læsi er einnig mikilvæg forsenda fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og því leggur Lindaskóli áherslu á læsi á allri skólagöngu nemandans.

Lestrarkennslan í skólanum er margþætt og margir samverkandi þættir sem gera lestrarnámið árangursríkt. Lestrarnámið er samvinnuverkefni heimilis og skóla þar sem þáttur foreldra í heimalestri gegnir mikilvægu hlutverki. Nemendur í 1. - 7. bekk eiga að lesa heima a.m.k. fimm sinnum í viku í að lágmarki 10 - 15 mínútur, foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir. Heimalestur verður skráður í upplýsingakerfið mentor.is. Allir nemendur í 1. - 7. bekk hafa kvittanahefti fyrir heimalestur. Foreldrar kvitta fyrir lestur barnanna, kennari fer yfir heftið einu sinni í viku. Markmiðið er að nemendur í 1. - 7. bekk lesi eins oft og kostur er í hverri viku fyrir kennara/ stuðningsfulltrúa. Einnig er heimalestur í 8.-10.bekk.

Í Lindaskóla notum við hjóðaaðferðina til að kenna stafi og hljóð þeirra og unnið er með það á ýmsan hátt. Auk þessa eru nýttar margs konar kennsluaðferðir til þjálfunar á lestri. Í 1. og 2.bekk er unnið eftir verkefninu, Kveikjum Neistann.

Skólabókasafnið er mikilvægur hlekkur í lestrarnáminu. Nemendur hafa daglegan aðgang að safninu og nýta bækur þaðan í heimalestri þegar lestrarnámið er komið vel á veg. Fyrir utan það að hafa aðgang að skólabókasafninu hafa nemendur og fjölskyldur þeirra aðgang að Lindasafni, sem er almenningssafn. Bókakosturinn er því mikill og fjölbreyttur, hann styður við lestrarnám og eflir áhuga á bókum.

Yndislestrarstundir eru skipulagðar í námi barnanna, nokkrum sinnum í viku 15 - 20 mínútur í senn hjá umsjónar- eða íslensku-kennara. Þar gefst nemendum kostur á að skoða eða lesa bækur að eigin vali. Einnig er tíminn nýttur til að lesa í heimalestrarbók eða námsbók, allt eftir því hvað hentar hverju sinni.

Lestraráttak er í skólanum fyrir 2. - 7. bekk tvisvar sinnum á skólaári. Einnig er sameiginlegt lestrarátak yfir alla árganga (1.-10.bekkur) í skólanum einu sinni yfir skólaárið.

Lestrarstefna Lindaskóla er í sífelldri endurskoðun og verður breytt eftir þörfum.

Hér á eftir er skipulag lestrarnáms fyrir alla árganga í Lindaskóla, auk þess eru hugmyndir sem má nýta í heimalestrarþjálfun.

1.bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur. • Skilur innihald texta. 	<p>Getur lesið einfaldan texta.</p> <p>Getur lesið eigin texta.</p> <p>Getur hlustað á flutning annarra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Upplestur í bekk • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Stafakönnun í skólabyrjun.</p> <p>Lesskimun október.</p> <p>Hliðarpróf Kveikjum neistans sept. janúar og maí</p>	
Aðferðir og hæfni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eflir hljóðvitund, nær tókum á hljóðgreiningu. • Kann alla bókstafi og hljóð þeirra. • Fær áhuga á lesmáli í umhverfinu • Tengir saman stafi og hljóð. • Þekkir algengar orðmyndir. • Nær samhengi í texta. • Nær að skrifa orð og setningar. • Les texta og skilur. 	<p>Gerir sér grein fyrir uppbyggingu orða og nær færni í hljóðgreiningu.</p> <p>Þekkir alla bókstafi og hljóð.</p> <p>Aukinn orðaforði.</p> <p>Öðlast leikni í skrift: að draga rétt til stafs.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Hljóðaaðferð. • Stafavinna. • Markviss málörvun og hljóðvitundarvinna • Yndislestur. • Heimalestur. • Orðaskrif. • Atburðabók • Ritunarverkefni. • Vinnubækur • Lestrarforrit í spjaldtölvu. 		

2.bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árgangs yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri. • Eykur leshraða og lesfimi,les upphátt og tekur mið af greinarmerkjum. • Nær að hlusta með athygli á upplestur. • Skilur innihald texta. • Getur flutt ljóð og texta fyrir framan hóp. • Les sér til ánægju og fróðleiks. • Getur endursagt efni bókar og sagt hvernig honum fannst bókin. 	<p>Getur lesið texta tiltölulega áreynslulaust.</p> <p>Getur lesið eigin texta.</p> <p>Getur hlustað á flutning annarra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Upplestur í bekk. • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Byrjun skólaárs og oftár yfir skólaárið:: Stafa og hljóðapróf (fyrir þá sem hafa ekki náð öllum þáttum) september og janúar Hliðarpróf í lestri maí LÆS II Hliðarpróf í lestri</p>	
Aðferðir og hæfni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eflir hljóðavitund. • Les alla stafi, orð með einföldum/tvöföldum samhljóðum og samhljóðasamböndum. • Greinir í sundur lík orð. • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Dregur saman og endursegir atburði úr stuttum sögum í rétttri röð. • Skrifar texta úr lesmáli, býr til sögur. • Skilur ýmis lesskilningsverkefni • Skrifar læsilega 	<p>Nær góðri færni í hljóðgreiningu.</p> <p>Þekkir alla bókstafi og hljóð.</p> <p>Aukinn orðaforði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Hljóðaaðferð. • Orðavinna. • Hljóðvitundarvinna. • Orðavinna. • Orðasafn. • Dagbók. • Vinnubókarvinna • Lestrarforrit í spjaldtölvu. 		

3. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árgangs yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta.</p> <p>Getur hlustað á flutning annarra.</p> <p>Getur lesið eigin texta.</p> <p>Les upplýsingar úr ýmsum áttum, t.d. úr orðadæmum, myndritum, forritum og fyrirmælum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Paralestur. • Upplestur í bekk. • Gagnvirkur lestur. • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Aston Index stafsetning-september.</p> <p>Lesskilningspróf - Orðarún - nóv. og maí.</p> <p>Hraðapróf - sept., jan. og maí.</p> <p>Orðleysupróf og sjónrænn orðaforði fyrir þá sem þurfa.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 55 orð á mín.</p> <p>Almenn viðmið: 100 orð á mín.</p> <p>Metnaðarfull viðmið: 120 orð á mín.</p>
Aðferðir og hæfni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eflir hljóðavitund og hljóðgreiningu. • Kann stafrófið og nýtir sér það. • Les í hljóði í allt að 15 mínútur. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Fer að gera sér grein fyrir mismunandi blæbrigðum texta. • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Dregur saman og endursegir atburði úr sögum í rétttri röð. 	<p>Nær góðri færni í hljóðgreiningu.</p> <p>Kann stafrófið.</p> <p>Upplestur er lipur.</p> <p>Aukinn orðaforði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Hljóðvitundarvinna. • Orðavinna. • Stafrófsvinna. • Málgreinavinna • Dagbók. • Yndislestur. • Heimalestur. • Orðasafn. • Vinnubókavinna Bras og þras á Bunulæk. Davíð og fiskarnir • Lestrarforrit í spjaldtölvu. 		

4. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árg. yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta. • Les texta úr ýmsum áttum. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta. Getur hlustað á flutning annarra. Getur lesið eigin texta. Þekkir ýmsa flokka bókmennta, t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri. Les upplýsingar úr grófum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum, forritum og fyrirmælum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Upplestur í bekk, framsögn. • Paralestur. • Gagnvirkur lestur. • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Aston Index stafsetning - september.</p> <p>Lesskilningspróf - Orðarún - nóvember og maí.</p> <p>Hraðapróf - sept., jan. og maí.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 80 orð á mín. Almenn viðmið: 120 orð á mín. Metnaðarfull viðmið: 145 orð á mín.</p>
Aðferðir og hæfni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eflir hljóðavitund og hljóðgreiningu. • Les í hljóði í allt að 20 mínútur. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með mismunandi blæbrigðum. • Þekkir bókaitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Dregur saman og endursegir atburði úr sögum í réttri röð. 	<p>Nær góðri færni í hljóðgreiningu.</p> <p>Upplestur er hraður og lipur.</p> <p>Aukinn orðaforði.</p> <p>Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Hljóðvitundarvinna. • Orðavinna. • Málsgreinavinna • Stafrófsvinna • Yndislestur. • Heimalestur. • Orðasafn. • Vinnubókavinna Loftur og Gullfuglarnir. Geitur í garðinum. • Ritunarvinna. • Lestrarforrit i spjaldtölvu. 	<p>Litla upplestrarkeppnin, æfingar frá nóvember, uppskeruhátíð í apríl.</p> <p>Orðleysupróf, Sjónrænn orðaforði fyrir þá sem þurfa.</p>	

5. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árg. yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta. • Les texta úr ýmsum áttum. • Les bækur sem reyna á færni í lestri. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta.</p> <p>Getur hlustað á flutning annarra.</p> <p>Getur lesið eigin texta.</p> <p>Þekkir ýmsa flokka bókmennta, t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri.</p> <p>Les upplýsingar úr grófum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum, forritum og fyrirætlum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Paralestur. • Upplestur í bekk, framsögn. • Gagnvirkur lestur. • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Aston Index stafsetning - september.</p> <p>Lesskilningspróf - Orðarún - nóvember og maí.</p> <p>Hraðapróf sept. - jan. - maí.</p> <p>Framsagnarpróf á vorönn.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 90 orð á mín.</p> <p>Almenn viðmið: 140 orð á mín.</p> <p>Metnaðarfull viðmið: 160 orð á mín.</p>
Aðferðir og hæn	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les í hljóði í allt að 20 mínútur. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með tjáningu og blæbrigðum. • Þekkir bókátitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá aðalatriðum úr texta. • Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn. • Býr sér til lestraráætlun. 	<p>Uppléstur er hraður, lipur og áheyrilegur.</p> <p>Aukinn orðaforði.</p> <p>Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Stafrófsvinna. • Orðavinna. • Málsgreinavinna • Hugtakakort - ritunarvinna. • Yndislestur. • Heimalestur. • Hljóðbækur eftir þörfum. • Spjaldtölvuvinna • Vinnubóka- vinna: Danski draugurinn Óboðnir gestir Litlu landnemarnir. 	<p>Spurningakeppn i bókasafns Lindaskóla > Uglan í umsjón bókasafnsfræðings Lindaskóla.</p>	

6. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluáferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árg. yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta. • Les texta úr ýmsum áttum. • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta.</p> <p>Getur hlustað á flutning annarra.</p> <p>Getur lesið eigin texta.</p> <p>Þekkir ýmsa flokka bókmennta, t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri.</p> <p>Les upplýsingar úr grófum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum og fyrirmælum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Upplestur í bekk, framsögn. • Paralestur, • Leitarlestur, • Gagnvirkur lestur. • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Aston Index stafsetning - september.</p> <p>Lesskilningspróf - Orðarún - nóv. og maí.</p> <p>Hraðapróf - september, janúar og maí.</p> <p>Framsagnarpróf á vorönn.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 105 orð á mín.</p> <p>Almenn viðmið: 155 orð á mín.</p> <p>Metnaðarfull viðmið: 175 orð á mín.</p>
Aðferðir og hæfni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les í hljóði í allt að 20 mínútur. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með tjáningu og blæbrigðum. • Les á milli línanna. • Þekkir bókatitla og einstaka höf. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá aðalatriðum úr texta. • Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn. • Býr sér til lestraráætlun. 	<p>Upplstur er hraður, lipur og áheyrilegur.</p> <p>Aukinn orðaforði.</p> <p>Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Orðavinna. • Málsgreinavinna • Hugtakakort - ritunarvinna. • Yndislestur. • Framsögn. • Heimalestur. • Hljóðbækur eftir þörfum. • Spjaldtölvuvinna • Vinnubókavinna: Græna bókin. Lukkudýrið. Engar ýkjur. Benjamín dúfa. 	<p>Spurningakeppni bókasafns Lindaskóla > Uglan í umsjón bókasafnsfræðings Lindaskóla.</p>	

7. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árg. yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les texta sem hæfir aldri, getur valið sér bækur sjálfur. • Eykur lestrarhraða og lesfimi. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta og dregur ályktanir um framvindu. • Les sér til ánægju. • Eykur þekkingu sína á mismundandi flokkum bókm. • Les texta úr ýmsum áttum. • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. • Þjálfar yfirlitslestur, gagnvirkan lestur og námkvæmnislestur. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta. Getur hlustað á flutning annarra. Getur lesið eigin texta. Þekkir ýmsa flokka bókmennta, t.d. skáldsögur, þjóðsögur, fræðibækur, ævintýri. Les upplýsingar úr grófum, listum, töflum, kortum, orðadæmum, uppskriftum og fyrirætlum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur fyrir kennara eins oft og hægt er. • Yndislestur. • Upplestur í bekk, framsögn. • Fjölbreyttar lestraraðferðir t.d. leitar-, para-, sam- og gagnvirkur lestur. • Heimalestur. • Nestissögur í skóla. 	<p>Aston Index stafsetning - september.</p> <p>Lesskilningspróf - Orðarún - nóv. og maí.</p> <p>Hraðapróf sept.- jan.- maí.</p> <p>Framsagnarpróf á vorönn.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 120 orð á mín. Almenn viðmið: 165 orð á mín. Metnaðarfull viðmið: 190 orð á mín.</p>
Aðferðir og hæfni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les í hljóði í allt að 20 mínútur. • Leiðréttir sig sjálfur með tilliti til merkingar orða í texta. • Tekur mið af greinarmerkjum við lestur. • Les upphátt með tjáningu. • Þekkir bókatitla og einstaka höf. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá efni texta. • Ræðir umgjörð, persónur og sjónarhorn. • Les á milli línanna. • Býr sér til lestraráætlun. • Mælir með bókum við aðra. 	<p>Upplstur er hraður og lipur. Hefur öðlast góðan lesskilning, orðaforða og málskilning. Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef, notar orðabækur og rafræn hjálpargögn. Getur sagt frá innihaldi texta og boðskap hans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Orðavinna. • Málsgreinavinna • Yndislestur. • Heimalestur. • Framsagnaræf. • Hugtakakort - ritunarvinna. • Nýyrðasmíð. • Hljóðbækur. • Spjaldtölvuvinna • Vinnubókavinna Svaðilför í berjamó. Arfurinn. Blokkinn á heimsenda. 	<p>Upplstrarkeppn i 7. bekkjanna á vorönn.</p> <p>Spurningakeppn i bókasafns Lindaskóla > Uglan í umsjón bókasafnsfræðings Lindaskóla.</p>	

8. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árgangs yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les sér til gagns og ánægju og styrkir stöðu sína með tilliti til lestrarhraða og lesskilnings. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta, leggur mat á hann og túlkar og dregur ályktanir um framvindu. • Eykur þekkingu sína á mismunandi flokkum bókmennta. • Les texta úr ýmsum áttum leggur mat á þá og túlkar (m.a. með tilliti til bókmennta- og ljóðahugtaka). • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. • Eykur orðaforða sinn og notar hann á fjölbreyttan hátt. • Leitar og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggur mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekur gagnrýna afstöðu til þess. • Þjálfar hraðlestur, leitarlestur, yfirlitslestur, gagnvirkan lestur námkvæmnislestur og raddlestur. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta skýrt og áheyrulega. Getur hlustað á flutning annarra. Getur lesið eigin texta og annarra þekkir ýmsa flokka bókmennta, t.d. skáldsögur, smásögur, örsögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og Íslendingasögur. Les og skilur tölulegar og myndrænar upplýsingar og túlkar þær.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur • Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn. • Innlagir, leiðsögn. • Fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. gagnvirkur, hrað-, leitar-, para-, sam- og raddlestur. • Orðaþrenging og krossgátur. • Bókmennta-umfjöllun. 	<p>Lesskilningspróf - Orðarún - nóvember og maí.</p> <p>Lesskilningur kannaður í tengslum við lestur í bókmenntum og á vorprófi í íslensku.</p> <p>Hraðlestrarpróf í sept.- jan.-maí.</p> <p>Metanlegt hæfniviðmið í framsögn á haust- og vorönn.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 130 orð á mín. Almenn viðmið: 180 orð á mín. Metnaðarfull viðmið: 210 orð á mín.</p>

<p>Aðferðir og hæfni</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les fjölbreytt lesefni sér til gagns og ánægju. • Les upphátt með tjáningu. • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá efni texta. • Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnlegt og skriflegt form. • Ræðir umgjörð, persónur, tíma, sjónarhorn og boðskap. • Les á milli línanna. • Byr sér til lestraráætlun. • Mælir með bókum við aðra. 	<p>Uppllestur er hraður og lipur.</p> <p>Er með góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.</p> <p>Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.</p> <p>Getur beitt helstu bókmenntahugtökum s.s. söguþræði, sjónarhorni, umhverfi, tíma og risi.</p> <p>Getur beitt algengum ljóðahugtökum, s.s. rími, ljóðstöfum og hrynjandi og gert grein fyrir myndmáli.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnavinna tengd námi í bókmenntum, munnleg, skrifleg og í spjaldtölvu. • Ritgerðavinna • Nýting hljóðbóka eftir þörfum. • Kjörbókarlestur Ég þoli ekki bleikt. Peð á plánetunni jörð. Smásagnar-smáræði. Laxdæla Lygasaga 		
---------------------------------	---	--	--	--	--

9. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árgangs yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les sér til gagns og ánægju og styrkir stöðu sína með tilliti til lestrarhraða og lesskilnings. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta, leggur mat á hann og túlkar og dregur ályktanir um framvindu. • Fær innsýn í fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gerir sér grein fyrir gildi bókmennta. • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. • Eykur orðaforða sinn og notar hann á fjölbreyttan hátt. • Leitar og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggur mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekur gagnrýna afstöðu til þess. • Þjálfar hraðlestur, leitarlestur, yfirlitslestur, gagnvirkan lestur, nákvæmnislestur og raddlestur. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta skýrt og áheyrilega. Getur hlustað á flutning annarra. Getur lesið eigin texta og annarra. Þekkir ýmsa flokka bókmennta, s.s. skáldsögur, Íslendingasögur og Íslendingapætti. Les og skilur tölulegar og myndrænar upplýsingar og túlkar þær.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur • Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn. • Innlagir, leiðsögn. • Fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. gagnvirkur, hrað-, leitar-, para-, sam- og raddlestur. • Orðaprenna og krossgátur. • Bókmennta-umfjöllun/ritun. 	<p>Lesskilningur kannaður á vorprófi í íslensku.</p> <p>Hraðlestrarpróf í sept.- jan.- maí.</p> <p>Metanlegt hæfniviðmið í framsögn á haust- og vorönn.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarksviðmið: 140 orð á mín.</p> <p>Almenn viðmið: 180 orð á mín.</p> <p>Metnaðarfull viðmið: 210 orð á mín.</p>

<p>Aðferðir og hæfni</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les krefjandi lesefni sér til gagns og ánægju. • Les upphátt með tjáningu. • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá efni texta. • Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnlegt og skriflegt form. • Beittir hugtökum bókmenntafræðinnar, kannast við myndmál og ólík stílbrögð. • Les á milli línanna. • Byr sér til lestraráætlun. • Mælir með bókum við aðra. 	<p>Upplstur er hraður og lipur.</p> <p>Er með góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.</p> <p>Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.</p> <p>Getur beitt helstu bókmenntahugtökum, s.s. söguþræði, sjónarhorni, umhverfi, tíma, risi og minni.</p> <p>Getur beitt algengum ljóðahugtökum, s.s. rími, ljóðstöfum, hrynjandi og gert grein fyrir myndmáli.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnavinna tengd námi í bókmenntum, munnleg, skrifleg og í spjaldtölvu. • Ritgerðavinna. • Nýting hljóðbóka eftir þörfum. • Kjörbókarlestur. • Kjalnesinga saga. • Dimma. • Strákurinn í röndóttu náttfötunum. • Íslendingapættir. 		
---------------------------------	--	--	--	--	--

10. bekkur	Markmið og leiðir	Mat á markmiðum og leiðum	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki Hvenær framkvæmt	Viðmið árgangs yfir veturinn
Lesmál og leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les sér til gagns og ánægju og styrkir stöðu sína með tilliti til lestrarhraða og lesskilnings. • Nær að hlusta með athygli á upplestur annarra. • Skilur innihald texta, leggur mat á hann og túlkar og dregur ályktanir um framvindu. • Fær innsýn í fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir frá ýmsum tímum. • Les bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta. • Eykur orðaforða sinn og notar hann á fjölbreyttan hátt. • Leitar og aflar sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggur mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekur gagnrýna afstöðu til þess. • Þjálfar hraðlestur, leitarlestur, yfirlitslestur, gagnvirkan lestur, nákvæmnislestur og raddlestur. 	<p>Getur lesið fjölbreyttan texta skýrt og áheyrilega. Getur hlustað á flutning annarra. Getur lesið eigin texta og annarra. Þekkir ýmsa flokka bókmennta frá ýmsum tímum. Les og skilur tölulegar og myndrænar upplýsingar, túlkar þær og tengir saman efni sem er sett fram á ólíkan hátt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur • Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn. • Innlagir, leiðsögn. • Fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. gagnvirkur, hrað-, leitar-, para-, sam- og raddlestur. • Orðaprenna og krossgátur. • ordla.is • Bókmennta-umfjöllun. • Bókmennta-ritgerð. 	<p>Lesskilningur kannaður jafnt og þétt allan veturinn.</p> <p>Hraðlestrarpróf í sept.- jan.- maí.</p> <p>Metanlegt hæfniviðmið í framsögn á haust- og vorönn.</p>	<p>Í lok maí eru:</p> <p>Lágmarks- viðmið: 145 orð á mín. Almenn viðmið: 180 orð á mín. Metnaðar- full viðmið: 210 orð á mín.</p>

<p>Aðferðir og hæfni</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Les krefjandi lesefni sér til gagns og ánægju. • Les upphátt með tjáningu. • Þekkir bókatitla og einstaka höfunda. • Spyr spurninga úr efni bóka. • Getur greint frá efni texta. • Yfirfærir upplýsingar úr töflum og línuritum í munnlegt og skriflegt form. • Beitir hugtökum bókmenntafræðinnar, kannast við myndmál og ólík stílbrögð. • Les á milli línanna. • Byr sér til lestraráætlun. • Mælir með bókum við aðra. 	<p>Upplestur er hraður og lipur.</p> <p>Er með góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.</p> <p>Nýtir sér lesefni til gagns og ánægju, bæði úr bókum og af vef.</p> <p>Getur beitt helstu bókmenntahugtökum, s.s. söguþræði, sjónarhorni, umhverfi, tíma, risi og minni.</p> <p>Getur beitt algengum ljóðahugtökum, s.s. rími, ljóðstöfum, hrynjandi og gert grein fyrir myndmáli.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnavinna tengd námi í bókmenntum, munnleg, skrifleg og í spjaldtölvu. • Ritgerðavinna • Nýting hljóðbóka eftir þörfum. • Kjörbókarlestur. • Grafarþögn. • Englar alheimsins. • Gísla saga Súrssonar. 		
---------------------------------	---	---	---	--	--

Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin:

Stuðningur og leiðsögn við lestur:

Lestrarstuðningur felst í því að hlusta á og fylgjast með lestri nemenda, hvetja, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um góðan lestur.

Endurtekinn lestur með tímatöku:

Hægt er er taka tímann í 1 mínútu og merkja laust við hvert nemandinn komst í hvert skipti. Einnig getur nemandinn lesið eina blaðsíðu tvisvar til þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekið tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les, en verður að vanda sig að lesa rétt. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og í því að ná upp hraða. Þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er þetta góð aðferð til að fá börnin í endurtekningalestur.

Víxllestur:

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt. Blaðsíður eru lesnar til skiptis, einnig er hægt að lesa eina og eina setningu, eða eina og eina efnisgrein til skiptis. Gott að hafa tvö eintök af sömu bókinni, en ekki nauðsynlegt.

Leiðbeinandi lestur:

Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris/forráðamanns. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja nemandann áfram.

Bergmálslestur:

Barnið les texta sekúndubroti á eftir fulloröna aðilanum. Orð endurtekin eftir þörfum.

Að hlusta og lesa:

Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á mms.is. Námsgagnastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds og fylgjast með textanum í bók um leið. Þeir sem eru með aðgang að Hljóðbókasafni Íslands nýta það.

Heimalestrarþjálfun nemanda

Nemandi sem les 10 mínútur á dag 5 daga vikunnar:	Les 50 mínútur á viku	Les 200 mínútur á mánuði	Les 1800 mínútur frá september til maíloka.
Nemandi sem les 15 mínútur á dag 5 daga vikunnar:	Les 75 mínútur á viku	Les 300 mínútur á mánuði	Les 2700 mínútur frá september til maíloka.
Nemandi sem les 20 mínútur á dag 5 daga vikunnar:	Les 100 mínútur á viku	Les 400 mínútur á mánuði	Les 3600 mínútur frá september til maíloka.